# ÞJÓÐARPÚLS GALLUP

## September 2026

## Fylgi flokka ef kosið yrði til Alþingis í dag




| | Samfylkingin | Sjálfstæðis-flokkurinn | Mið-flokkurinn | Viðreisn | Framsóknar-flokkurinn | Flokkur fólksins | Vinstri græn | Sósíalista-flokkur Íslands |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Ágúst 2026** | **29,6%** | **26,8%** | **15,6%** | **9,7%** | **5,5%** | **4,8%** | **3,6%** | **2,4%** |
| Júlí 2026 | 27,9% | 25,4% | 14,6% | 11,4% | 5,8% | 5,2% | 3,9% | 3,2% |
| Kosningar 2024 | 20,8% | 19,4% | 12,1% | 15,8% | 7,8% | 13,8% | 2,3% | 4,0% |

### Stuðningur við ríkisstjórn




### Stuðningur við stjórnarflokka




Kosningar 2024 Júlí 2026 Ágúst 2026

### Fylgismæling - afstaða




## Viðreisn tapar fylgi

Helsta breyting á fylgi flokka milli mánaða er að fylgi við Viðreisn minnkar um tæplega 2 prósentustig. Litlar breytingar eru á fylgi annarra flokka milli mánaða, eða á bilinu 0,3 - 1,7 prósentustig. Tæplega **30%** kysu Samfylkinguna ef kosið yrði til Alþingis í dag, nær **27%** Sjálfstæðisflokkinn, tæplega **16%** Miðflokkinn, næstum **10%** Viðreisn, tæplega **6%** Framsóknarflokkinn, nær **5%** Flokk fólksins, tæplega **4%** Vinstri græn, rösklega **2%** Sósíalistaflokk Íslands og um **2%** Pírata.

Nær **5%** myndu skila auðu eða ekki kjósa og **13%** taka ekki afstöðu eða vilja ekki gefa hana upp.

Næstum **50%** þeirra sem taka afstöðu styðja ríkisstjórnina.

## Spurt var:

- Ef kosið yrði til Alþingis í dag, hvaða flokk myndir þú kjósa?
- En hvaða flokkur yrði líklegast fyrir valinu?
- Styður þú ríkisstjórnina?

Niðurstöður sem hér birtast um fylgi flokkanna á landsvísu eru úr net– og símakönnun sem Gallup gerði dagana 4. - 31. ágúst 2026. Heildarúrtaksstærð var 13.836 og þátttökuhlutfall var 40,2%. Vikmörk á fylgi við flokka eru 0,4-1,3%. Úrtakið í netkönnun var tilviljunarúrtak úr Viðhorfahópi Gallup, en úrtakið í símakönnun var tilviljunarúrtak úr Þjóðskrá.

**Útgefið af:** Gallup - Lyngháls 4, 110 Reykjavík. Sími: 540 1200. Netfang: sigrun.drifa@gallup.is.

**Umsjón með útgáfu:** Sigrún Drífa Jónsdóttir og Jón Karl Árnason.

**Ábyrgðarmaður:** Guðni Rafn Gunnarsson

**© Íslenskar markaðsrannsóknir 1993. © Gallup á Íslandi 2015. Allur réttur áskilinn. Notkun á efni Þjóðarpúls Gallup og tilvitnun í það er heimil enda sé heimilda getið.**